

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Flm.: Ingi R. Helgason, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Nýr stafliður (e) bætist aftan við 2. mgr. 32. gr. laganna, svo hljóðandi:

- e. Íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni og orðið er 16 ára.

2. gr.

Ný málsgrein kemur á eftir 5. mgr. 43. gr. laganna, svo hljóðandi:

Íþróttafélög greiða $\frac{1}{4}$ af iðgjöldum fyrir íþróttafólk, en ríkissjóður $\frac{3}{4}$. Nánari ákvæði um slysatryggingar íþróttafólks og skiptingu iðgjalda skulu sett í reglugerð í samráði við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á árinu 1946 flutti Hermann Guðmundsson svipað frumvarp og hér er flutt, en það náði þá ekki fram að ganga. Í greinargerð fyrir frumvarpi því sagði flutningsmaður:

„Breytingar þær, sem gert er ráð fyrir með frumvarpi þessu á almannatryggingunum, eru þær, að allir íþróttaiðkendur komi inn undir lögina og njóti stuðnings, ef slys verður, svo sem sjúkrakostnaðar og dagpeninga.

Eins og flestum, er til þekkinga, mun vera kunnugt, koma oft fyrir slys við íþróttæfingar og íþróttakeppni, án þess að um verði kennt óaðgætni eða slæmum útbúnaði íþróttatækja. Þeir, sem íþróttir stunda, eru oftast ungt fólk og oftast félítíð.

Augljóst er, hversu erfitt er fyrir þetta fólk að mæta skakkaföllum, er það verður fyrir, svo sem eins og þeim að verða lengri eða skemmri tíma frá verki vegna slyss við íþróttaiðkanir. Um sanngirni þess, að íþróttaiðkendur njóti ákvæða almannatryggingalaganna um slysabætur, ætti eigi að vera þörf að rita langt mál eða leiða fram mörg rök fyrir því. Almennigur og Alþingi hafa nú viðurkennt hið þjóðnýta starf íþróttastarfseminnar í landinu, — almennigur með vakandi áhuga og skilningi fyrir íþróttahreyfingunni og Alþingi með því að verja allt að milljón krónum árlega úr ríkissjóði til byggingar á íþróttamannvirkjum.

Vænta má því, að frumvarp þetta mæti velvild og skilningi á nauðsyn þess, að slíkar tryggingar komist á, þar sem, eins og áður segir, flestir viðurkenna nú orðið gildi íþróttanna fyrir uppeldi og hreysti æskunnar í landinu. Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ráðin bót á öryggisleysi, sem ríkt hefur fyrir það fólk, er iðkað hefur íþróttir, og orðið við sanngjörnum og eðlilegum kröfum íþróttasamtakanna.“

Óþarfi er að bæta miklu við þau rök fyrir frumvarpinu, sem fram koma í þessari greinargerð. Þau eru enn þungri málinu til framdráttar nú heldur en þau voru fyrir 15 árum.

Það hefur um langt árabíl verið forustu íþróttasamtakanna áhyggjuefni að geta ekki komið á fullkominni slysatryggingu fyrir íþróttafólk. Dæmin sanna, að þess hefði verið brýn þörf. Það hefur til þessa ekki tekizt að fá slysatryggingu íþróttafólks undir almannatryggingarnar, en við endurskoðun almannatryggingalaganna 1956 var bætt í lögina heimildarákvæði um slysatryggingar íþróttafólks undir hinum frjálsu tryggingum Tryggingastofnunarinnar. Íþróttasamtökin hafa ekki treyst sér af fjárhagsástæðum að taka kjörum Tryggingastofnunarinnar um frjálsar slysatryggingar íþróttafólks, og eru því uppi hugmyndir um að stofna sérstakan tryggingarsjóð á vegum Íþróttasambands Íslands, sem þó bersýnilega getur ekki fullnægt nema hluta af tryggingarþörfinni.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að almannatryggingarnar taki einnig til slysa trygginga íþróttafólks að fullu, þ. e. til sjúkrakostnaðar, dagpeninga, örorkubóta og dánarbóta.

Hér er jafnframt lagt til, — og er það breyting frá frumvarpi Hermanns Guðmundssonar, — að ríkissjóður hlaupi undir bagga og greiði $\frac{3}{4}$ af iðgjöldum á móti fjórðungi frá íþróttasamtökunum til slysatryggingar íþróttafólks, enda verði tryggingarnar sambærilegar við venjulegar tryggingar launþega.

Það mælir öll sanngirni og réttisýni með því, að ríkissjóður leysi þann fjárhagsvanda, sem enn er því til hindrunar, að íþróttafólk búi hér við fullkomnar slysatryggingar. Síðastliðin 15 ár hafa sannað, að íþróttasamtökin hafa ekki haft fjárhagslegt holmagn til þessara hluta. Það kann hins vegar að verða í framtíðinni, og er þá sjálfsagt að endurskoða málið, en lengur geta íslenskir íþróttamenn ekki búið við það öryggisleysi, sem raun ber vitni um.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir sérstakri reglugerð um slysatryggingar íþróttafólks og um iðgjaldagreiðslur og skiptingu þeirra. Jafnframt þarf þar að kveða á um takmörk slíkra trygginga.